

Skólastefna Valsárskóla
2014-2017

Leiðtogasamfélagið



Forysta til framtíðar

Virgni-Vinátta-Virðing-Víðsýni

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Skólastefna Valsárskóla.....	3
Bakgrunnur hugmyndafræðinnar.....	4
Innleiðingarferli.....	4
Íslenska námskráin.....	4
Endurskoðun skipulags með áherslu á ný markmið og leiðtogahæfni.....	5
Leiðtogahjálfun nemenda er fjórþætt.....	7
Grunnþættir.....	7
Læsi.....	7
Sjálfbærni.....	8
Heilbrigði og velferð.....	8
Lýðræði og mannréttindi.....	8
Jafnrétti.....	8
Sköpun.....	9

Inngangur

Ég hef lengi verið sannfærð um að skólastarf verði að breytast. Það er eðli skólastarfs að taka breytingum en það eru fjölþættari breytingar sem ég á við. Breytingar eru líka eitt af meginеinknum 21. aldarinnar og því þarf nám í dag að þjálfa nemendur til að takast á við breytingar hvort sem þær eru þeirra eigin þroski eða breytingar í samfélaginu. Til þess að nemendur geti sjálfir tekist á við breytingar þurfa þeir að vera sterkir einstaklingar, með skýra sýn á veikleika sína og styrkleika og vera fær um að gera áætlun um líf sitt þannig að hæfileikar þeirra nýtist sem best.

Sú hugmynd að skólar á Íslandi á 21. öldinni eigi að fá nemendur til að stýra sínu eigin lærdómsferli er breyting frá þeim hugmyndum sem ríktu á síðustu öld. Þó er augljóst hve mikilvægt það er að þjálfa nemendur í að vera sjálfbjarga um eigin nám, fá þá til að skapa sína eigin framtíð, móta og breyta sinni eigin sýn og velja sér markmið. Að læra að læra er frelsi til að velja, skapa og safna sér þekkingar sem nýtist allt lífið.

Ný Skólastefna Valsárskóla.

Leiðtogasamfélagið – forysta til framtíðar.

Leiðtogar veita forystu. Til þess að vera leiðtogi þarf einstaklingur að vera öruggur með sjálfan sig, hann þarf að þekkja styrkleika sína og veikleika og geta haft samskipti sem byggjast á jafnræði.

Leiðtogi þarf að hafa sterka sýn á samfélag þar sem allir geta notið sín.

Það er samfélagið Valsárskóli.

Skólastefnan *Leiðtogasamfélagið – forysta til framtíðar* byggir í grunninn á Uppbyggingarstefnunni og áherslum Olweus gegn einelti. Einkenni **Uppbyggingarstefnunnar** eru skýr mörk, ábyrgð á eigin hegðun og hjálfun innri aga. **Olweusarstefnan** byggir á heiðarlegum samskiptum, opinni umræðu og fullkomnu óþoli fyrir neikvæðum samskiptum. Hugmyndafræðin er sótt í hugmyndir Daniel Golman um forystu og tilfinningagreind ásamt hugmyndum um aðlögunarforystu (e. adaptive leadership) sem þróuð hefur verið við John F Kennedy School of Government í Harvard.

Leiðtogasamfélagið byggir ofan á þessa þætti með því að:

- a) *Efla og styrkja sjálfsmynd einstaklinga.* Nemendur fá að taka aukna ábyrgð á skólastarfinu og meta framkomu sína og nám í meira mæli en áður. Áhersla á að nemendur séu virkir allan skóladaginn.
- b) *Samfélag skóla eru ekki bara nemendur.* Starfsfólk og nemendur ræða í meira mæli saman þau vandamál sem koma upp. Uppbyggingaráætlun nemenda er ekki unnin án aðkomu viðkomandi kennara og lögð er áhersla á að uppbygging lúti ekki aðeins að nemandanum heldur getur hún einnig lotið að hegðun starfsmanna, umgjörð skólastarfsins eða utanaðkomandi aðilum.
- c) *Aukin áhersla á lýðræði.* Nemendur taka þátt í að móta skólastarfið á vikulegum bekkjarfundum, á skólaþingi og í nefndum. Allir nemendur geta komið með mál til úrlausnar á skólaþingum.
- d) *Aukin áhersla á að ígrunda eigið nám og árangur skólans.* Í tímanum er mikil áhersla lögð á innra mat. Skólinn er metinn sem heild og mat hengt upp á vegg við herbergi skólastjóra. Niðurstöður eru síðan ræddar í skólaráði. Fjöldi leiðtoga, þróun inngrípa, fjöldi verkefna. Einnig eru fundagerðir haldnar í skólaráði, matarnefnd, vallarnefnd, atburðanefnd og grænánanefnd.

Bakgrunnur hugmyndafræðinnar

- Leiðtogaþjálfun
- Sjálfstýrt nám (Self developpe learning)
- Gildi skólans – Virkni, virðing, vinátta, víðsýni
- Lykilhæfni aðalnámskrár
- Grunnþættir aðalnámskrár– Læsi, sköpun (margbreytileg hugsun), sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti.

Innleiðingarferli

Áherslurnar skiptast á þrjú ár

1. ár. Einstaklingurinn/nemandinn (*virkni*, skipulagning náms)
2. ár. Samskipti. (Að hlusta og skilja, samskipti án samkeppni, *Samvinna – Vinátta- Virðing*)
3. ár. Menning. (Að finna sína eigin rödd í samfélaginu og hjálpa öðrum að finna sína, hvernig er hægt að festa ákveðna menningu í samfélaginu? *Víðsýni*)

Í leiðtogasamfélaginu eru allir leiðtogar.

Leiðtogar veita forystu. Til þess að vera leiðtogi þarf einstaklingur að vera öruggur með sjálfan sig, geta haft samskipti sem byggjast á jafnræði og hafa vilja til að byggja upp samfélag þar sem allir geta notið sín.

Skilgreining á leiðtoga: Sá sem sér gildi og möguleika í öðru fólki og tjáir það svo skýrt að það sér þau líka.

Íslenska námskráin

Í nýju námskránni er lögð áhersla á sveigjanleika og samfellu í skólastarfi bæði í inntaki og starfsháttum. Ítarleg útfærsla á starfsháttum er nýlunda í íslenski námskrárgerð og því eru bæði grunnþættir og lykilhæfni þættir sem ekki hafa verið svo skýrt skilgreindir áður í íslenski námskrá. Á 21. öldinni er almenn menntun skilgreind út frá samfélagslegum þörfum og þörfum einstaklinga. Almenn menntun stuðlar að aukinni hæfni einstaklinga til að takast á við daglegt líf, efla skilning einstaklinga á sjálfum sér og aukinni hæfni til að leysa hlutverk sitt í flóknu samfélagi. Námskráin hefur sterk samfélagsleg viðmið sem er einnig nýtt frá fyrri íslenskum námskrám.

Endurskoðun skipulags með áherslu á ný markmið og leiðtogahæfni

Á síðasta ári hófst innleiðingarferlið með endurskoðun á uppbyggingu námsins. Endurskoðun á skipulagningu skólans snérist um kennsluáðferðir og að í ákveðnum tímum væri lögð áhersla á sérstaka nálgun námsefnisins. Almennt er gengið út frá því að nám sé að sjá eitthvað nýtt, uppgötva ný sjónarhorn, að kynnast hlutum mjög vel og finna í þeim nýja uppsprettu hugmynda.

Námi í Valsárskóla er skipt í 5 flokka eftir því hvernig nám er lögð áhersla á í hverjum flokki

a) Þemanám. Öllum Markmiðum list-, verk- náttúru- og samfélagsgreina hefur verið raðað upp í 12 þemaverkefni.

Þemaverkefni 1 árs eru: Hringrásir, Íslandssaga, Himingeimurinn og Jafnrétti, Lýðræði, sköpun.

Þemaverkefni 2. árs eru: Lífríki í landi og sjó, Tæknin, Landakort, Heimabyggðin.

Þemaverkefni 3. árs eru: Jörðin okkar, Íslenskir þjóðhættir, Líkaminn okkar, saga mannkyns.

Hugmyndirn byggir á að nemendur koma aftur og aftur að viðfangsefninu, byggja ofan á fyrri þekkingu og dýpka það sem fyrir er.

Þemanámið byggir á stýrðu uppgötvunarnámi. Þar skipta áhugi nemenda, agi, lærdómsferilinn og niðurstöður námsins allt máli.

Nemendur þurfa að skilja að nám er ekki bara að leggja eitthvað á minnið heldur er uppgötvunarnám eins og þemanámið stundum eins og að synda í gruggugu vatni. Stundum vitum við ekkert hvaða leið við erum á eða hvernig við snúum, en þá er mikilvægt að þróa með sér áttavita, þekkja leiðir til að ná fótfestu og synda aftur upp á yfirborðið.

Þemanámið þarf að vera fjölbreytt og byggjast á virkni og samvinnu allra nemenda. Nemandi skipuleggur nám sitt og ákveður hvaða leiðir hann vill fara að þeim markmiðum sem lagt er upp með. Allar sérgreinastofur eru tiltækar (smíði, textíl, matreiðsla, tölvuver, handmennt og fl.) einnig geta nemendur ráðið hvort þeir vinna að verkefnum úti eða inni.

Matið er sjálfsmat og jafningjamat sem fer fram í hverri viku. Metnir eru eftirfarandi þættir.

Tjáning og miðlun: Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum (innleitt á öðru ári).

Skapandi og gagnrýnin hugsun: Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu (innleitt á fyrsta ári)

Sjálfstæði og samvinna: Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn (innleitt á öðru ári)

Nýting miðla og upplýsinga: Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt (innleitt á þriðja ári).

Ábyrgð og mat á eigin námi: Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu (innleitt á fyrsta ári)

Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum.

Þekking nemenda á viðfangsefninu, upplifun og hæfni er könnuð í samtali við kennara síðustu vikuna. Umsögn sett í Mentor.

b) Íslenska og stærðfræði. Nemendur eru á hverjum degi í íslensku og stærðfræði. Kennarar skila inn kennsluáætlunum á dropboxið í möppu sem heitir kennsla/kennsluáætlanir - reglulega funda kennarar í íslensku og stærðfræði til að skiptast á hugmyndum og gæta að samfelli skipulagningu námsins. Sérkennari vinnur í nánú samstarfi við kennara í lestri og stærðfræði og þriðju hverja viku

er sérkennsla í bekkjum skólans endurskoðuð eftir framvindu námsins í lestri og stærðfræði.

Megin áherslan í námi þessara tíma er annars vegar að ná hæfni í íslensku og stærðfræði þannig að nemendur geti nýtt greinarnar til frekara náms og leggja á minnið ákveðna þætti (stafi og hljóð, orðflokka, stærðfræðiformúlur, margföldunartöflu). Náð þar sem nemendur læra staðreyndir til að ná ákveðnum mælikvörðum er líka mikilvægt. Það er mikilvægt að hafa góð tæki til að nálgast upplýsingar, setja þær fram og meta. Þess vegna er góð lestrarkunnátta, grundvallarþekking á margmiðlun og færni í stærðfræði mikilvægir þættir til þess að hægt sé að byggja upp góða færni í öðrum greinum. Í kennslunni er kennarinn sá sem skipuleggur kennsluna og er gert ráð fyrir að kennarinn geti nálgast kennsluna á fjölbreyttan hátt þannig að ólíkir nemendur geti alltaf notið sín.

Kennsla í íslensku og stærðfræði er kennd út frá hugmyndafræði byrjendalæsis og byrjendastærðfræði.

Ekki er ætlast til að tímar í íslensku og stærðfræði falli niður né sé truflaðir með utanaðkomandi inngrípi.

Matið er skrifleg próf í lok lotu, raddlestrarpróf, lesskilningspróf (hlustunarskilningspróf fyrir þá sem ekki hafa náð 50 atk/mín) og framsagnarpróf (fyrir þá sem náð hafa 150 atkv/mín). Einkunnir eru á skalanum 1-10.

c) Umsjónatímar. Markmið námsins er að ná færni í ákveðinni hegðun en einnig er áhersla á almennt mat, sjálfsmat, jafningamat og kennaramat. Á föstudögum er bekkjarfundur í umsjónatímanum þar sem almenn málefni bekkjarins er rædd. Rætt um skólasáttmálann og skólareglur, einelti, skýr mörk, ólík hlutverk einstaklinga, Olweusarhugmyndafræðina og þætti í leiðtogaþjálfun. Í þessum tímum vinna nemendur að áætlunum sínum í íslensku og stærðfræði ef nauðsyn krefur. Í tímuna koma utanakomandi gestir m.a. starfsfræðslu.

Matið er umsögn umsjónakennara í viðtals tímum og vikulegum samskipum

d) Leiðtogaþjálfun.

Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Leiðtogaþjálfun er fyrst og fremst að efla tilfinningagreind nemenda. Tilfinningagreind er grundvöllur fyrir því að þau geti haft stjórn á eigin lífi, mótað það og haft trú á getu sinni. Tilfinningagreind er misjafnlega sterk hjá einstaklingum eftir uppeldi og aðstæðum. Tilfinningagreind er þó hægt að kenna öllum með réttum aðferðum og hugarfarsbreytingum.

Tveir tímar á föstudögum sem byggja skólaþingum á sal, fundum í ráðum og vali nemenda. Megináhersla er að nemendur nái að stjórna sér og þjáfi innri aga. Ofuráhersla á skýr mörk og ábyrgð á eigin hegðun. Nemendur eru hvattir til að finna styrkleika sína og geta stungið upp á verkefnum eða ábyrgðasviðum þar sem þeir taka ábyrgð á ákveðnum verkefnum í skólanum, verða leiðtogar. Leiðtogar skólans og verksvið þeirra er formlegt og ábyrgð skýr.

Leiðtogaþjálfun nemenda er fjórþætt.

A. Innlögn í færniþáttum leiðtoga fer fram í samtali á skólaþingum einu sinn í viku. Á skólaþingi er lögð áhersla á æfingar og gagnlegar hugsanir/hugsunavillur sem styrkja sjálfsmynd nemenda og gera þá hæfari í að meta eigin hegðun. Tímarnir eru 20 mínútur og byggja á 5 mínútna innleggi og æfingum í 15 mínútur. Starfsmenn eru velkomnir á skólaþingið til að kynna sér hugmyndafræðina :)

B. Færniþættir í leiðtogaþjálfuninni eru teknir upp á bekkjarfundi í hverjum bekk í hverri viku.

C. Allir starfsmenn ræða um færniþætti leiðtogaþjálfunarinnar þegar aðstæður til umræðu og ígrundunar koma upp. Viðfangsefni í lotu 4 er markvisst innleidd allan veturinn í þemaverkefnum.

D. Eftirfylgni fyrir þá sem þurfa og vilja fer fram í einka/hóptímum hjá leiðtogaþjálfara (Arndís).

e) þemavikur

Fimm sinnum á ári eru þemadagar í Valsárskóla þar sem sérstök áhersla er lögð á útivist, sköpun og fræðslu um nærumhverfið.

1. Haustdagar: Farið í gönguferðir í umhverfinu, unnið að endurbótum á útikennslusvæði, vettvangsferðir, utanaðkomandi aðilar koma og flytja fyrirlestra í 8.-10. bekk.
2. Jólin koma: Fjölbreytt föndur og verkefni tengd jólnum. Nemendur velja sér viðfangsefni út frá eigin áhugasviði.
3. Árshátíð og skólablað. Æfingar fyrir árshátíð og unnið að útgáfu skólablaðs. Unnið bæði út frá áhugasviði og aldri.
4. Vordagar. Ferð í Kjarnaskóg (ratleikur og grill), þemaverkefni þar sem áhersla er á útiveru.

f) valgreinar. eru tveir tímar á viku hjá 8. -10. bekk. Valgreinar eru utan stundatöflu. Valgreinar skólaárið 2014-2015 verða: Hreinlæti og umhirða líkamans, Starfskynningar, Útivist og tómstundastarf utan skóla, þýska (bundið val). Stefnt er að bjóða upp á valgreinar í 5-7. bekk á næsta ári.

Grunnþættir

Grunnþættir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þannig má segja að grunnþætti beri að útfæra á þrjá vegu, inn í líf einstaklinga, í samskipti og í menningu skólans. Grunnþættir eiga að setja mark sitt á alla menningu skólans, þeir eiga að koma fram í inntaki náms, starfsháttum, kennsluháttum og námi.

Læsi

1. ár. Endurskoðuð læsistefna skoðuð og ígrunduð. Nemendur leggja áherslu á eigin árangur. Skoða og skrá framfarir í hraða, framsögn, les og hlustunarskilningi. Unnið með víðtæka sýn á læsi. Áhersla á að fá einstaka nemendur til að taka ábyrgð á eigin námi, á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Læra að gera áætlun um framfarir
2. ár. Einstaklingar halda áfram að rýna í árangurinn. Lögð meiri áherslu á samvinnu og hvernig allir geta lært hver af öðrum.
3. ár. Skoða árangur skólans í tengslum við sinn eigin árangur og gera áætlanir um hvernig bæta má heildarárangur skólans í ýmis konar læsi.

Sjálfbærni

1. ár. Skoðað hvernig einstaklingar við viljum vera í framtíðinni. Hvernig komumst við þangað. Einstaklingur sem er nógu sterkur til að leyfa öðrum að njóta sín og njóta þess sem hann hefur. Hvernig er ég hluti af þeirri framtíðarsýn sem ég sé fyrir samfélagið.

2. ár Hvernig getum við nýtt samhjálp og samvinnu til að hafa sem best áhrif á umhverfi okkar. Hvað getum við lært af öðrum. Samskipti sem einkennast af samvinnu og að deila því sem við eigum og höfum. Hvernig getum við fundið jafnvægi í samskipum (win-win)
3. ár Tengjum nýtingu og hóf við hvernig samfélag við viljum byggja. Skoðum ólíka samfélö og spyrjum okkur hvort við þurfum virkilega allt sem við notum. Hvernig getum við hjálpað öðrum þjóðum eða löndum okkar. Samfélag sem einkennist af hófsemi og nýtni. Hvernig byggjum við samfélag þar sem allir geta notið sín á sínum forsendum án þess að þurfa að taka frá öðrum eða níða aðra niður.

Heilbrigði og velferð

1. ár Líkami og hugur eru tæki sem þarf að þjálf til að þau komi okkur að sem bestum notum í lífinu. Til að geta gert sitt besta þarf að hafa sterka sjálfsmynd, jákvætt hugarfar, þekkingu styrkleika sína og veikleika. Hreinlæti, taka afstöðu gegn áhættu hegðun. Hvernig getum við komist að kjana okkar eigin tilfinninga og viðhorfa. Læra hugmyndafræði HAM með áherslu á að leita þess sanna og rétta.
2. ár Heilbrigður einstaklingur ber virðingu fyrir öðrum. Hann sér samskipti sem ávinning beggja og þarf ekki að bera sig saman við aðra eða keppa til að líða vel.
3. ár Í samfélagi geta áföll og erfiðleika haft mikil áhrif á alla. Það er mikilvægt að tekin sé sameiginleg ábyrgð á því sem aflaga fer og allir séu tilbúnir að leysa málin. Stundum krefst það þess að við endurskoðum afstöðu okkar. Samfélag sem einkennist af Trausti

Lýðræði og mannréttindi

1. ár Hvert er hlutverk mitt í lýðræði. Hver er ábyrgð einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi. Hvernig hegða ég mér þegar tekin er ákvörðun, Hvernig er best að segja sína skoðun. Hvað get ég lagt af mörkum í skólanum. Get ég tekið að mér leiðtogahlutverk? Mikilvægi gagnrýnnar hugsunar. Hvernig get ég sýnt samábyrgð. Hvernig tem ég mér gagnýna hugsun?
2. ár Áhersla á að sjá allar hliðar ákvarðana, tengsl og vald skoðað, hvaða valdahugtak er að baki því lýðræði sem við viljum sjá. Umhyggja fyrir öðrum er mikilvægt gildi í lýðræðislegum samskiptum. Hvernig get ég rökstutt mína skoðun og ákvarðanir.
3. ár Hvernig getum við unnið að því að allar ákvarðanir í skólanum séu lýðræðislega teknar. Skólaþing, leiðtogahlutverk. Samfélag sem einkennist af því að tekið er mið af skoðunum og tilfinningum allra.

Jafnrétti

1. ár Hver er réttur minn, hvernig get ég gætt hans. Hvað er jafnrétti, jafn mikið, jafnir möguleikar?Hvaða tækifæri hef ég í lífunu, hvernig vil ég nýta þau? Staðamyndir, hvernig gagnast þær okkur til að hugsa – hvaða galla hafa þær?
2. ár Hvernig get ég unnið þannig að ég gangi ekki á rétt annarra þó ég gæti míns eigin réttar.
3. ár Við byggjum samfélag þar sem nemendum og fullorðnum er ekki mismunað. Það hafa allir sitt hlutverk en því hlutverki fylgir ekki ólík réttindi.

Sköpun

1. ár Hverjir eru styrkleikar mínir, hvaða hæfileika vil ég þroska, hvað get ég skapað. Hvað er að ígrunda, hvað er fjölbætt hugsun, hvað er skapandi hugsun. Hvernig get ég virkjað minn

eigin sköpunarkraft og innsæi. Hvaða leiðir eru til til þess að hugsa út fyrir boxið.

2. ár Hvernig get ég nýtt styrkleika mína í samstarfi við aðra. Hvernig get ég séð styrkleika mína og veikleika í samhengi við vinnu annarra. Hvernig nýtum við sameiginlega styrkleika sem best.
3. ár Hvernig sköpum við skapandi samfélag sem getur breyst sjálft þannig að það þjóni okkur og umhverfinu sem best. Hvernig getum við haldið því þannig til framtíðar. Nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur